

Íslenska

5.-7. bekkur

Íslenskukennsla í 5.-7. bekk Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem settu eru fram í Aðalnámskrá við lok 7. bekkjar. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist íslenskunámið í eftirfarandi þætti: talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálknum hér fyrir aftan.

Það er unnið með sömu viðfangsefni í öllum árgöngunum en nálgunin getur verið nokkuð ólík í árgöngum og einnig eru gerðar ólíkar kröfur til nemenda.

Leiðirnar sem farnar eru í náminu eru svipaðar og námsefnið einnig, þó er þess gætt að bæði leiðir og námsefni sé við hæfi nemenda.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Þó íslenskunáminu sé skipt í þessa 4 þætti þá skarast þessir þættir í einstökum verkefnum og einnig eru mörg viðfangsefni íslenskunnar óhjákvæmilega viðfangsefni í fleiri námsgreinum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 7. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</p>	<p>Framsögn Leikræn tjáning Að rökstyðja mál sitt Tjáning skoðana og tilfinninga Halda athygli áheyrenda Samræða Hlustun Skilningur á því sem hlustað er á Greining aðalatriða frá aukaatriðum Nýting rafræns efnis Samskipti Kurteisi</p>	<p>Nemendur fá tækifæri til að æfa framsögn og leikræna tjáningu.</p> <p>Þeir vinna verkefni þar sem reynir á að þeir , tjái reynslu sína og tilfinningar, rökstyðji mál sitt og halda athygli annarra nemenda.</p> <p>Unnið er með hlustun og nemendur fá tækifæri til að æfa sig í að greina aðalatriði frá aukaatriðum í efni sem þeir hlusta á og lesa bæði af pappír og rafrænt.</p> <p>Nemendur fá tækifæri til að rökræða efni og taka reglulega þátt í samræðum.</p> <p>Unnið er með reglur í samskiptum, oðbragð og viðeigandi kurteisi.</p>	<p>Fjölbreytt efni við hæfi til hlustunar og áhorfs. Ýmis verkefni sem reyna á framsögn, leikræna tjáningu, frásögn, hlustun, áhorf og endursögn. Margskonar verkefni sem reyna á gagnrýna hugsun og rökræður.</p> <p>Fjölbreytt myndrænt og rafrænt efni.</p>

Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum. Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap. Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap. Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>	<p>Lestrarhraði Lesskilningur Túlkun texta Orðaforði Tengin eigin þekkingar og reynslu við skilning á texta Aðalatriði Aukaatriði Efnisorð Mismunandi aðferðir við lestur Yndislestur Bókmenntir t.d. þjóðsögur, ljóð og barna- og unglingabækur Greining frásagnarforma: Tími Sjónarhorn Sögusvið Boðskapur Beiting hugtaka í ljóðagerð Rím Ljóðstafir Hrynjandi Líkingar Öflun upplýsinga úr fjölbreyttu efni Úrvinnsla upplýsinga</p>	<p>Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að þjálfast lestrarhraða og lesskilning ásamt því að geta túlkað og sagt frá því sem þeir lesa. Lögð eru fyrir verkefni sem reyna á það að nemendur kynnist gömlum og nýjum bókmenntum og ljóðum og læri að greina frásagnarform þeirra og hugtök í ljóðagerð. Nemendur vinna verkefni sem þjálfast þá í að greina aðalatriði frá aukaatriðum og að læra að þekkja efnisorð. Lögðu eru fyrir verkefni sem þjálfast nemendur í öflun margvíslegra upplýsinga og að lesa úr einföldum tölulegum og myndrænum</p>	<p>Fjölbreyttir bókmenntatextar Vinnubækur Ritunarverkefni Túlkunarverkefni Bókmennta- og ljóðaverkefni.</p>

	<p>Mat á gildum og trúverðugleika upplýsinga. Lestur á myndrænum og tölulegum upplýsingum Val á lesefni</p>	<p>upplýsingum og þeir fá æfingu í að túlka þær.</p> <p>Nemendur fá umfjöllun um trúverðugleika upplýsinga og vinna verkefni því tengt.</p> <p>Nemendum gefin tækifæri til að velja sér lesefni til að lesa sér til gagns og ánægju,</p>	
--	---	--	--

Ritun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun. Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.</p>	<p>Læsileg persónuleg rithönd Ritvinnsla Frágangur texta Notkun orðabóka Val á textategund Skipulagning texta Skrif við hæfi ólíkra textategunda Sögur Frásagnir Lýsingar Fyrirmæli Skapandi textar Tjáning eigin hugmynda og reynslu Kynning á eigin ritun Deiling á eigin ritun Stafsetning Greinamerkjasetning Nýting á ritun annarra við eigin ritun Ritun texta í tölvu Aðgerðir í ritvinnslu Vísun í heimildir Ritun texta með ákveðinn lesanda í huga</p>	<p>Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að semja margskonar texta. Skapandi texta, fræðitexta, upplýsingar, lýsingar og fyrirmæli sem settir eru upp og samdir við hæfi. Nemendum gefin tækifæri til að nýta fyrirmyndir frá öðrum í eigin ritun. Nemendur fá verkefni sem reyna á heimildaöflun og úrvinnslu upplýsinga og heimildaskráningu. Nemendur kynna eigin ritun. Nemendur vinna texta með aðstoð ritvinnslu.</p>	<p>Skriftarbækur Orðabækur Textar frá öðrum sem fyrirmynd að góðri ritun. Ritunaræfingar. Fjölbreyttar heimildir.</p>

Málfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun. Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað. Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta. Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>Skilningur á eigin máli og gildum þess að bæta það Ríkulegur orðaforði Nýting margræðni orða Uppfletting í orðabókum Skipting orðaforða í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð Hlutverk og einkenni sagnorða, fallorða og óbeygjanlegra orða Orðtök og málshættir Fjölbreytileiki málsins: Setningar Málsgreinar Efnisgreinar Umræða um mál Talmál Ritmál</p> <p>Sköpun nýrra orða og orðasambanda Þekking á notagildi íslenskrar málfræði við ritun og stafsetningu</p>	<p>Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að leika sér með tungumálið á skapandi hátt.</p> <p>Nemendur vinna verkefni sem þjálfa orðflokkinu, stafsetningu og fjölbreytileika orðaforða og uppbyggingar tungumálsins.</p> <p>Umfjöllun og æfingar um tungumálið, fjölbreytileika þess og hvernig það getur verið ólíkt eftir aðstæðum.</p>	<p>Fjölbreytt málfræðiverkefni Verkefnabækur Bækur um orðtök og málshætti Orðabækur Ýmis sýnishorn um blæbrigðaríkt mál og málsnið við hæfi.</p>